

Bekkjarnámskrá fyrir 4. bekk

Inngangur

Nám nemenda í Öskjuhlíðarskóla er að mestum hluta einstaklingsmiðað. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur skólans m.a. í móðurmáli og rökhugsun/stærðfræði og öðrum þeim námsþáttum sem aðlaga þarf sérstaklega að þörfum einstakra nemenda.

Bekkjaráætlanir eru gerðar fyrir alla bekki skólans og taka þær mið af skólanámskrá. Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla byggist á þrepaskiptingu námsgreina. Með þrepaskiptri námskrá er átt við að nemendum með ólíkar námsþarfir og getu sé kennt saman í hópi og hafi sameiginlegt viðfangsefni og meginmarkmið en að einstaklingarnir innan hópsins séu með mismunandi verkefni og undirmarkmið.

Nemendafjöldi

Í bekknum eru 10 nemendur, 6 stúlkur og 4 drengir.

Starfsmenn bekkjarins

- Kolbrún Petra Sævarsdóttir, sérkennari
- Elísabet María Ástvaldsdóttir leikskólakennari
- Helga Magnússon, leikskólakennari
- Anna Birna Guðlaugsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Eydís Ósk Hjartardóttir, stuðningsfulltrúi

Viðtalstími:

- mið. kl. 13:10-13:50
- þri. kl. 13:10-13:50
- þri. kl. 13:10-13:50

Foreldrar geta einnig hringt í skólann á öðrum tímum og beðið fyrir skilaboð eða notað tölvupóst.

Sérgreinakennarar

- Ólafur B. Ólafsson, tónmennt
- Elsa Guðmundsdóttir, myndmennt
- Ásta Ísberg, íþróttir
- Baldur Þorsteinsson, íþróttir og sund
- Gerður Leifsdóttir, hönnun og smíði
- Finna Birna Steinsson, textílmenn

Í sérgreinatímum vinna bekkjarstarfsmenn í samvinnu við sérgreinakennara. Misjafnt er hve margir bekkjarkennarar fylgja nemendum í sérgreinatíma.

Sérfræðiþjónusta

Við skólann starfa læknir, hjúkrunarfræðingur, tannlæknir, félagsráðgjafi, sálfræðingur, talmeinafræðingur, iðjuþjálfari og sjúkraþjálfarar. Þessar starfsstéttir veita nemendum þjónustu sína eftir því sem ástæða þykir og tími er til ráðstöfunar. Einnig veita þessar starfsstéttir starfsfólki ráðgjöf. Viðtalstímar sjá fylgiskjal/heimasíðu.

Þjónustutilboð í tengslum við skólann

Nemendur bekkjarins nýta sér þjónustu lengdrar viðveru sem starfrækt er af ÍTR í Vesturhlíð fyrir yngstu nemendurna. Einnig nýta nemendur akstursþjónustu til og frá skóla.

Samstarf heimila og skóla

Nemendur hafa samskiptabækur sem starfsmenn bekkjar, starfsfólk skóladagvistar og foreldrar nota til að miðla upplýsingum. (Sumir nota tölvupóst til þessara samskipta.) Fréttabréf um bekkjarstarfið er sent heim reglulega.

Foreldrafundir eru boðaðir þrisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni að hausti, í byrjun nýs árs og að vori. Auk þess er haldið bekkjarkvöld einu sinni yfir veturinn fyrir nemendur og aðstandendur þeirra.

Samverustund

Alla daga hefst bekkjarstarfið á samverustund. Nemendur skiptast á að vera umsjónarmenn. Umsjónarmaður sér um að setja nafnspjald sitt á tilheyrandi töflu í samverustundinni, finnur út hvaða dagur er og festir upp heiti hans. Hann merkir við nemendur í bekkjarkladdann og fer yfir myndræna stundatöflu dagsins. Samhliða stundatöflunni er stuðst við tákni með tali. Umsjónarmaðurinn velur veðurfræðing dagsins sem athugar veðrið og hvernig best er að vera klæddur í útiveru þann daginn.

Móðurmál

Í móðurmálstímum er unnið með móðurmálið á margvíslegan hátt, uppbyggingu málsins, stafainnlögn, orð, setningar og rím, í þeim tilgangi að efla málþroska og auka orðaforða. Einnig er hugtakaþjálfun, máhljóða- og framburðaræfingar hluti af þessum þætti námsins.

Stærðfræði/rökhugsun

Í stærðfræðitímum er unnið með helstu undirstöðuatriði stærðfræðinnar, t.d. flokkun, pörun, stærðfræðihugtök, tölur og talnagildi.

Lífsleikni / Frásögn

Áhersla er lögð á að auka félagslega færni. Farið er í samskiptaleiki, spilað og fleira gert þar sem nemendur þjálfast í að sýna tillitssemi, skiptast á og bíða eftir að röðin komi að sér. Vikulega er frásögn í *sögustól*, þar sem skipst er á að koma upp og rifja upp atburði helgarinnar, þau nota til þess sögubókina.

Samfélagsfræði

Kennslustundir í samfélagsfræði eru þrjú tímar á viku. Stefnt er að því að allir vinni eins sjálfstætt og kostur er að þeim verkefnum sem lögð verða fyrir. Farið verður í vettvangsferðir sem tengjast samfélagsfræðinni.

Verkefni sem unnið verður með í vetur eru:

Umferðin:

Markmið er að nemendur:

- læri umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur.
- læri að nota gangbraut
- þekki umferðarmerki sem varða gangandi og hjólandi umferð
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nota endurskinsmerki
- læri að fara yfir á umferðaljósi þegar græni karlinn kemur

Dýr í sjó og vötnum

Markmið er að nemendur:

- kynnist lífverum og lífríki sjávar og vatna
- þekki einkenni fiska: *hreistur, tálkn, ugga og sporð*.
- fái tækifæri til að skoða og snerta sjávardýr.

Helgileikur/Jól:

Hefð er fyrir því að 4 bekkur sjái um helgileik yngra deildar á jólaskekkmtun. Nóvembermánuður verður nýttur til að rifja upp um sýninguna, skipta í hlutverk og æfa leikinn. Jólasöngvar, jólasíðir og jólaföndur verður einnig á dagskrá í desember.

Líkaminn og umhirða:

Markmið er að nemendur:

- átti sig á því hvað eru þeirra einkastaðir
- átti sig á nauðsyn þess að þvo sér daglega
- skilji hvers vegna nauðsynlegt er að þvo hendur eftir klósettferðir
- átti sig á nauðsyn þess að vera í hreinum fötum
- geti sagt til um helstu líkamsheiti

Páskar:

Unnin verða verkefni tengd páskahátíðinni

Borgin:

Markmið er að nemendur:

- kynnist nokkrum byggingum höfuðborgarinnar og hlutverki þeirra.
- Skoðaðar verða helstu byggingar og umhverfi þeirra m.a. Perlan, Alþingishúsið, Ráðhúsið og Hallgrímskirkja.

Vinnustund

Í vinnustund er alfarið unnið samkvæmt einstaklingsnámskrá og stuðst við TEACCH hugmyndafræðina (skipuleg vinnubrögð). Nemendur fara með stólana sína hver að sínu vinnuborði og vinna sjálfstætt þau verkefni sem hafa verið tekin til fyrir þá. Verkefnin eru einstaklingsmiðuð og af ýmsum toga, t.d. verkefni sem byggja á rökhugsun/stærðfræði, móðurmálsverkefni t.d. hljóðgreining, lestur og einnig verkefni sem styrkja samhæfingu augna og handa og þjálfra fínhyfingar. Körfurnar eru merktar með tölustöfum og er eitt eða fleiri verkefni í hverri körfu. Á vinnuborðinu eru samsvarandi merkingar sem nemendur eiga að taka og para við rétta körfu. Áhersla er á að þeir vinni skipulega, sjálfsstætt, eftir ákveðinni röð og frá vinstri til hægri eða ofan frá og niður. Þetta stuðlar að því að nemendur temji sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og venjist því að vinna samkvæmt lestraráttinni.

Tölvur

Stefnt er að því að allir nemendur fá að minnsta kosti eina kennslustund í tölvu á viku. Unnið er í ýmsum tölvuforritum.

Lífsleikni / Frásögn

Í þessum tímum er áhersla lögð á að auka félagslega færni. Farið er í samskiptaleiki, spilað og fleira gert þar sem nemendur þjálfast í að sýna tillitssemi, skiptast á og bíða eftir að röðin komi að sér. Vikulega er æfð frásögn í *sögustól*, þar sem skipst er á að koma upp og rifja upp atburði helgarinnar, þau nota til þess sögubókina.

Hreyfiþjálfun

Hluti bekkjarins fer í hreyfiþjálfun í tvær stundir í viku, undir stjórn íþróttakennara og sjúkraþjálfara, með nemendum úr nokkrum öðrum bekkjardeildum.

Sjálfs hjálp/ADL

Lögð er áhersla á að nemendur verði sjálfbjarga í athöfnum daglegs lífs s.s. við borðhald og að klæða sig úr og í fatnað. Nemendum er kennt að fara í sturtu og að þurrka sér eftir leikfimi og sund.

Við upphaf skóladags er lögð áhersla á að nemendur taki upp nestisboxið sitt og samskiptabækur og setji í ákveðnar körfur. Í nestistímum er lögð áhersla á að nemendur borði nestið snyrtilega í sætum sínum. Þegar nemendurnir hafa snætt nestið eiga þeir að ganga frá eftir sig.

Gerðar eru kröfur til nemenda um að fara eftir ákveðnum hegðunarreglum s.s. að hlýða skólabjöllunni, vera kurteisir, vera vinir og fara eftir fyrirmælum.

Sérgreinar:

Tónmennt:

Kennari: Ólafur B. Beinteinsson

Söngur. Söngur er talsvert mikið notaður í kennslustundum, enda margir söngelskir nemendur í hópnum. Söngbók bekkjarins er fyrir hendi og er hún notuð af og til.

Ásláttarhljóðfæri og trommuæfingar.

Haldið áfram með nýjum æfingum og fleiri ásláttarhljóðfærum auk þess sem eldra efni er rifjað upp. Áslátturinn notaður með sönglögum og börnin flytja tónlistina í hópum við töfluna.

Leikhús og leikbrúður. Nemendur æfa sig í því að koma fram. Lítið leikhús er notað og þar koma börnin einnig fram með leikbrúður af ýmsu tagi og/eða í búningum. Leikhúsið m.a. notað til að byggja upp sjálfstraust nemendanna.

Dansar. Barnahringdansar teknir fyrir og einnig tjáning í frjálsum dansi. Tveir og tveir dansa einnig saman.

Að hlusta og horfa. Nemendur í 4. bekk hlusta reglulega á tónlist og einnig er myndbandsefni á döfinni. Tölva í kennslustofunni opnar einnig nýjar leiðir s.s. eins og kynningu á hljóðfærum o.fl. Tónmenntarvefur menntasviðs nýttur af og til.

Samþætting. Tónmenntarkennari er hlynntur samstarfi og samþættingu bæði námsgreina og bekkjardeilda. Er viðbúinn með sameiginlegt verkefni á þemadögum skólans ef til kemur.

Hátíðisdagar og ýmsar uppákomur. Tónlistin mikið notuð á hátíðisdögum og ýmsum uppákomum. Nemendur 4. bekkjar taka þátt í jólahaldi og þeir æfa helgileik sem tónmenntarkennari aðstoðar við ef óskað er. Þorrasöngvar/dansar yngrideilda í tengslum við þorrabót skólans.

Námsmat: Símat.

Bókasafn

Kennari: Kristín Rós Hákonardóttir

Í bekknum eru 10 nemendur. Þeim er skipt niður í tvo hópa og hver hópur fær einn tíma á viku á bókasafninu.

Ársmarkmið:

Að nemendur

- kynnist því að vera á bókasafni.
- læri að skoða og umgangast bækur á safninu og gangi frá þeim aftur í hillur.
- læri að virða og fara eftir reglum sem gilda á safninu. Ganga vel um bókasafnið.
- fái hvatningu til að skoða bækur.

Námsefni

Bækur safnsins.

Verkefni frá kennara.

Kennsluhættir

Það verða lesnar sögur fyrir nemendur. Eftir lesturinn verða verkefni unnin og síðan er frjáls tími og þá mega nemendur skoða bækur eða lita og teikna.

Leiðir:

Munnleg fyrirmæli.

Námsmat:

Með símati, skráningu og tékklistum er fylgst með námsframförum hvers nemenda yfir veturinn.

Textílmennt

Kennari: Finna Birna Steinsson

Í bekknum eru 10 nemendur sem skipt er þrjá hópa.

Langtímamarkmið samkvæmt skólanámsskrá Öskjuhlíðarskóla eru:

- Að samhæfing augna og handa nemendanna þjálfist.
- Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemendanna eflist.
- Að fínhyfingar nemendanna styrkist.
- Að frumkvæði og hagkvæmni nemendanna í vinnubrögðum styrkist.
- Að nemendur verði sem mest sjálfbjarga við verk sín.

Áherslur:

Að nemendur:

- þjálfist í að stagla
- þjálfist í að þræða yfir og undir þráð.
- þjálfist í að næla saman efni.

- Þjálfist í að sauma, þræða spor, stagl eftir merktri línu.
- Þjálfist í að teikna, lita og mála í tengslum við textílverkefni.
- saumi einfaldar línur í saumavél.

Verkefni:

Leitast er við að hafa sama viðfangsefnið fyrir nemendur, en verkefni einstakra nemenda og lítilla hópa geta verið mismunandi að þyngd og umfangi. Meðal annars verur fengist við teikningu, vefnað, útsaum, vélsaum, föndurperlur og þæfingu.

Leiðir:

Munnleg fyrirmæli, fyrirmyndir, sýnikennsla og handstýring.

Námsmat:

Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

Heimilisfræði

Kennari: Auður Ásgeirsdóttir

Í bekknum eru 10 nemendur sem koma í heimilisfræði 2 tíma aðra hverja viku, allan veturinn.

Áfangamarkmið:

- Að nemendur kynnist skólaeldhúsinu og hvaða reglur gilda þar inni.
- Að nemendur viti að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.
- Að nemendur geti farið eftir myndrænum og/eða einföldum skrifuðum leiðbeiningum.
- Að nemendur geti notað einföld mælitæki.
- Að nemendur hafi fengið þjálfun í að vinna að léttum matreiðsluverkefnum.
- Að nemendur geti tekið þátt í að ganga frá að verki loknu.
- Að nemendur að nemendur hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti.
- Að nemendur þekki orð og skilji hugtök sem tengjast viðfangsefninu.

Þrepamarkmið:

Að nemendur:

- þekki að til eru hollar og óhollar fæðutegundir.
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar.
- læri að lesa einfaldar og/eða myndrænar uppskriftir, byrja fremst og vinna verkefnið í réttri röð.
- þekki dl mál og matskeið og kynnist einföldum áhöldum.
- temji sér að þvo hendur áður en starf hefst í eldhúsi.
- venjist því að setja upp svuntu, bretta upp ermar og binda um sítt hár áður en hafist er handa við matreiðslu.
- fái verklega þjálfun í samvinnu við kennara.

- læri að brytja ávexti og grænmeti með hnífi.
- geti smurt brauð og skorið álegg.
- læri að leggja á borð.
- læri að þvo upp og ganga frá áhöldum, einnig að setja í uppþvottavél.
- læri að þvo vinnuborð sitt og skola úr og vinda borðklútinn.
- læri algeng hugtök sem notuð eru í heimilisfræðinni.
- læri að setjast að sameiginlegu borðhaldi, hella í glasið sitt, skammta sér hæfilega mikið á diskinn og temji sér kurteisi.

Verkefni:

Í flestum tímum eru sömu verkefni lögð fyrir nemendur bekkjarins og þeir hvattir til að vinna sjálfstætt, en nemendur fá mismikla aðstoð eftir færni og getu. Reynt er að hafa einföld verkefni sem þeir nemendur bekkjarins sem þurfa mikla aðstoð, geta unnið nokkuð sjálfstætt og sömu verkefni verða unnin oftár en einu sinni yfir árið. Í stöku tíma fá nemendur misjöfn verkefni sem henta getu hvers og eins.

Það sem nemendur matreiða er m.a.:

- Ávaxtasalat
 - Súrmjólk með ávöxtum
 - Baka brauð
 - Smyrja brauð
- o.fl. ...

Íþróttir

Kennarar: Ásta Ísberg og Baldur Þorsteinsson

Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva skyn- og hreyfiþroska hvers nemenda, þrek hans og afkastagetu og stuðla að heilbrigði einstaklingsins. Auk þess að vekja áhuga hjá nemendum á reglubundinni hreyfingu.

Fyrstu skólaárin hafa börn mikla hreyfiþörf. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínreyfingar, eru þættir sem skipa stórann sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin.

Mikilvægt er að börn öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar og að sjálfsmynd þeirra eflist með þátttöku í leikjum og fjölbreyttri hreyfingu.

Færni- og yfirmarkmið:

- Bæta líkamshreyfni
- Bæta líkamsreisni
- Örva grófhreyfingar nemenda og þroska taugakerfið
- Þjálfar grófhreyfingar s.s. skríða, ganga, hlaupa, klifra
- Bæta líkamlegan styrk
- Auka jafnvægi
- Efla úthald og þol
- Auka samhæfingu
- Þjálfar boltameðferð
- Kynna sem flestar íþróttir fyrir nemendum skólans

Félagsleg yfirmarkmið:

- Efla áhuga á íþróttum
- Efla sjálfsöryggi hjá nemendum
- Efla þor nemenda til að æfa sig með öðrum börnum
- Að nemendur upplifi jákvæða mynd af sér í æfingum og leik
- Að nemendur öðlist þekkingu á eigin líkamlegri getu við fjölbreyttar æfingar og leik
- Að örva nemendur til áframhaldandi dáða í sínu nánasta umhverfi.

Einstaklingsáætlanir:

Til að koma til móts við alla nemendur með sérþarfir og sérstaklega þá sem eiga erfitt með að fylgja hópanámskrá skólans í íþróttum sem er miðuð við börn með sérþarfir, setjum við upp einstaklingsáætlanir þar sem æfingar eru valdar með tilliti til hvers nemenda.

Æfingarnar eru setta fram myndrænt í æfingabók

Ágúst/Sept	Útivera/gönguferðir/ Leikir	Leikjadagur	Norræna skólahlaupið
Október	Athafnabraut <ul style="list-style-type: none"> • Styrkur • Jafnvægi 		
Nóvember	Athafnabraut <ul style="list-style-type: none"> • Styrkur • Teygjur 		
Desember	Boccia	Leikir	
Janúar	Boltaíþróttir/Stöðvar <ul style="list-style-type: none"> • Kasta • Grípa • Sparka • Miða • Hugtakþjálfun 	Boltaleikir, s.s. <ul style="list-style-type: none"> • Tæma völlinn • Bolti undir línu 	Sleðaferð Skautuferð
Febrúar	Æfingar með smááhöldum <ul style="list-style-type: none"> • Hugtakþjálfun • Þjálfna grófhreyfingar • Þjálfna samhæfingu grófhreyfinga • Þjálfna að fara eftir fyrirmælum • Grunnæfingar með smááhöld 	Leikir	
Mars	Fimleikar/ Fitness <ul style="list-style-type: none"> • Styrkur • Liðleiki • Jafnvægi • Samhæfing • Þjálfun grófhreyfinga 	Leikir	Skólakeppni í fitness
Apríl	Frjálssar íþróttir <ul style="list-style-type: none"> • Hlaup • Köst • Hopp/stökk 	Leikir	Skólakeppni í frjálsum íþróttum
Maí/Júní	Útiþróttir	Leikir	Ratleikur Esjuganga Íþróttahátíð

Útivist og ganga:

Útivist í íþróttakennslu er mikilvægur þáttur. Nauðsynlegt er að opna augu nemenda fyrir næsta umhverfi og þeim möguleikum sem náttúran og umhverfið hefur upp á að bjóða í sambandi við að geta stundað líkams- og heilsurækt óháð íþróttaaðstöðu innanhúss. Með skólahlaupum er leitast við að hvetja nemendur að æfa hlaup og auka við hreyfingu sína. Keppt er að því fyrst og fremst að allir, verði með í hlaupinu. skólahlaupum er leitast við að hvetja nemendur að æfa hlaup og auka við hreyfingu

sína. Keppt er að því fyrst og fremst að allir, verði með í hlaupinu.

Markmið að nemendum:

- iðki íþróttir og leiki á skólalóð
- fari í gönguferðir og stundi útivist yfir allt skólaárið
- taki þátt í ratleik á skólalóð eða í nágrenni skólans
- taki þátt í Norræna skólahlaupinu
- taki þátt í Vorhlaupinu

Leikir:

Leikurinn er oft talinn uppspretta náms bæði hjá börnum og unglingum. Leikir eru vel til þess fallnir að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi auk þess sem þeir læra að vinna með öðrum og hvetja félagana til dáða. Að kunna að taka sigri og ósigri í keppni eða leik er mikilvægt atriði sem hver nemandi þarf að læra.

Markmið að nemendum:

- upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf
- taki þátt í leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í leikjum sem efla kraft
- þjálfist í leikjum sem efla samspil skynjunar og hreyfingar
- læri að fara eftir einföldum reglum í leikjum

Athafnabrautir/Þrautabrautir:

Hreyfifærni barna tekur miklum framförum fyrstu grunnskólaárin.

Hreyfifærni felur í sér færni til að framkvæma þær hreyfiþrautir sem umhverfið skapar okkur og fá þjálfun í að lesa umhverfið, reikna út fjarðlægðir o.s.frv. Það er nauðsynlegt að börn glími við ýmiskonar hreyfiþrautir til þess að líkami þeirra þroskast á eðlilegastan hátt.

Markmið að nemendum:

- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla jafnvægi
- þjálfist í æfingum sem efla þol
- þjálfist í æfingum sem efla liðleika
- þjálfist í að tengja mismunandi grófhreyfingar saman, s.s hlaupa, klifra og stökkva yfir hindrun, skriða undir og yfir hindranir o.s.frv

Grófhreyfingar:

Hreyfiþörf barna er mikil sérstaklega við upphaf skólagöngu og þau hafa yfirleitt gaman af allri hreyfingu s.s. að hlaupa, hanga og klifra. Hreyfifærni barna tekur miklum framförum fyrstu árin í skólanum.

Markmið að nemendur:

- þjálfist í grófhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skríða, hoppa, stökkva, klifra, hanga, kasta, grípa, rúlla, snerta, velta sér
- náí að leysa af hendi verkefni sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn
- þjálfist í æfingum sem efla líkamsstöðu
- þjálfist í æfingum sem efla liðleika

Grunnþjálfun með ýmsum smááhöldum:

Æfingar með smááhöldum reyna á allan líkamann og örva skynþroska hans á fjölbreyttan hátt, s.s. snerti- og stöðuskyn, jafnvægi, sjón og heyrn. Smááhöld t.d. baunapokar henta vel til að þjálfa upp samhæfingu líkamans auk þess sem kennslutæki til að kenna undirbúningsæfingar fyrir boltagreinar þ.e. kasta, grípa og spyrna.

Markmið að nemendur:

- þjálfist í grunnhreyfingum eins og að kasta, grípa, rúlla
- að nemendur læri að fara eftir fyrirmælum og læri reglur
- þjálfist í grunnæfingum með ýmis áhöld eins og t.d. bolta, gjarðir, baunapoka, sippubönd, pappakassa, teppabúta

Grunnþættir í fitness:

Fitness byggir upp styrk, snerpu og úthald.

Markmið að nemendur:

- efla hreyfiþroska
- auki úthald
- auki líkamsstyrk

Grunnþættir í fimleikum:

Fimleikar er góð þjálfun fyrir allann líkamann og bætir líkamsstöðu. Fimleikar byggja á styrk, snerpu og liðleika og gerir nemendur hæfari í samhæfingu grófhreyfingar.

Markmið að nemendur:

- þjálfist í grófhreyfingum
- þjálfist í að setja saman mismunandi grófhreyfingar
- þjálfist í undirstöðuæfingum í fimleikum

Námsmat

Stuðst er við símat í íþróttakennslunni. Við uppbyggingu og framsetningu námsmatsins er tekið tillit til þeirra markmiða sem eru sett fyrir viðfangsefni hvers mánaðar og þau metin í lok hvers tímabils og þannig fengið fram líkamleg afkastageta, líkamleg færni og ekki síst framlag og virkni hvers nemenda í kennslustundum. Allir nemendur í 1. bekk og þeir sem eru í hreyfiþjálfun úr 2.- 5. bekk eru settir í hreyfifærniþróf í upphafi og við lok skólaársins.

Hreyfiþjálfun

Hreyfiþjálfun er hóptími þar sem áherslan er lögð á að bæta grófhreyfingar hjá þeim nemendum sem þurfa á því að halda auk þess sem 1. bekkur er alltaf settur í þessa tíma til að kenna þeim að vinna í hóp og læra að fara eftir fyrirmælum. Nemendur eru valdir af íþróttakennara í samvinnu við sjúkrapjálfa og einnig af beiðni foreldra. Þeim sem er boðið upp á hreyfiþjálfun mæta 1x í viku, sem er viðbót við venjubundinn íþóttatíma.

Færnimiðuð yfirmarkmið**Að nemendur**

- náí betra valdi á grófhreyfingum, s.s. skríða, ganga, hlaupa, klifra, hoppa
- bæti líkamlegan styrk
- auki jafnvægi
- efli úthald og þol
- þjálfni boltameðferð
- bæti samæfingu og þjálfni takttilfinningu
- þjálfni víxlhreyfingar og krossun
- efli einbeitingu og hlustun

Sund

Sundkennslan miðar að því að gera alla nemendur synda þannig að þeir geti bjargað sér á sundi. Kennslan er byggð upp með fjölbreyttum æfingum og leikjum í vatni sem stuðla að örvun grunnhreyfinga nemenda og þroskun taugakerfis. Á þann hátt er lagður grunnur að flóknara hreyfinámi og sundtökum á seinni stigum í sundnáminu. Enn fremur skal stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum. Leggja skal áherslu á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfiþörf og félagsleg samskipti. Mikilvægt er að upplifun nemenda við sundnám og sundiðkun sé ánægjuleg og jákvæð, sem getur leitt til þess að þau velji sér sund sem líkamsrækt í framtíðinni.

Nemendur í 1.-4. bekk eru í vikulegu sundi. Lögð er megináhersla á aðlögun barnsins að vatninu með æfingum í gegnum leik þannig að það öðlist öryggistilfinningu. Byrjað er að kynna fyrir nemendum grunnhreyfingar handa og fóta í skriðsundi, bringusundi og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma.

Markmið að nemendur í 4.bekk

- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla aðlögun að vatni og sundfærni
- náí valdi á einföldum samsettum hreyfingum í vatni
- læri og æfi grunnhreyfingar handa og fóta í
 - bringusundi
 - skólabaksundi
 - skriðsundi
 - baksundi
- læri og æfi samspil grunnhreyfinga í
 - bringusundi
 - skólabaksundi
 - skriðsundi
 - baksundi

- fái tækifæri til að beita líkama sínum rétt í vatni við fjölbreytta útfærslu hreyfinga
- upplifi skólasund sem jákvæða og skemmtilega námsgrein
- taki þátt í ýmsum sundæfingum og sundleikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áráði

Myndmennt

Kennari: Elsa Guðmundsdóttir

Meginmarkmið samkvæmt skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla:

- Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda eflist.
- Að athyglisgáfa nemenda örvist, svo að þeir verði sem best læsir á umhverfi sitt og skynji og skilji boðskap þess myndmáls, sem
- daglega ber fyrir augu.
- Að fínhyfingar nemenda styrkist, frumkvæði þeirra og hagkvæm vinnubrögð eflist, svo að þeir verði sem mest sjálfbjarga í verki.

Í þessum hópi er talsverð áhersla lögð á frjálsta myndsköpun, bæði með málun og teiknun.

Mikið er málað með þekjulitum, lögð áhersla á rétt grip og meðferð pensla og lita. Eru m.a. unnin ýmis einföld verkefni í því skyni að æfa þessa þætti.

Þrykkt er með svampi, korktöppum, kartöflum, o.fl.

Æfð eru heiti lita og litbrigða og haldið áfram að þjálfa hringformið. Einnig eru þeir nemendur, sem það geta, þjálfaðir í að gera önnur grunnform, svo sem ferhyrning og þríhyrning og að nota þau við myndgerð sína.

Unnin eru verkefni, sem þjálfa tilfinningu fyrir mannlíkamanum og líkamsskynjun.

Einnig eru unnin verkefni, sem tengjast náttúrunni, veðri, árstíðum, o.fl.

Nemendur vinna líka með fleiri aðferðum, svo sem að rífa, krumpa og líma. Beiting skæra er þjálfuð og æft að klippa, bæði eftir beinum línum og einnig bognum, fyrir þá sem ráða við það.

Leir er notaður, rúllað, hnoðað og mótað.

Unnin eru fönðurverkefni, þar sem notað er ýmis konar verðlítið efni.

Samþætting við samfélagsfræði og aðrar námsgreinar er viðhöfð, þegar tilefni þykir til.

Námsmat: Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

Hönnun og smíði.

Kennari: Gerður Leifsdóttir.

Í bekknum eru 10 nemendur og er þeim skipt í þrjá hópa sem fá einn tíma á viku í **hönnun og smíði** hluta vetrarins.

Ársmarkmið samkvæmt skólanámsskrá Öskjuhlíðarskóla í hönnun og smíði :

- Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemendanna eflist.
- Að fínreyfingar nemendanna styrkist.
- Að nemendur læri hugtök og heiti þess, sem þau vinna með hverju sinni í smíðastofu.

Annarmarkmið:

- Að nemendur þjálfist í að nota einföldustu handverkfæri, s.s. bakkasög, útsögunarsög, slípikubb og brennipenna.
- Að nemendur taki þátt í hönnun á sínu verkefni.

Verkefni:

Leitast er við að hafa sama verkefnið fyrir nemendur, en útfærsla á verkefni getur verið mismunandi eftir getu hvers og eins.

Klemmuverk með haus, unnið með ferskan við og fleira.

Leiðir.

Myndstýring, handstýring, sýnikennsla, munnleg fyrirmæli.

Námsmat : Með skráningu er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.